



Umhverfis-og auðlindaráðuneytið  
Skuggasund 1  
Reykjavík  
uar@uar.is

29. apríl 2021

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál (markmið um kolefnishlutleysi)

Lögfesting á markmiði um kolefnishlutleysi er stórt skref í rétta átt í baráttunni gegn loftslagsvánni. Ísland ætlar sér, ásamt hinum Norðurlöndunum, að leiða baráttuna gegn loftslagsbreytingum<sup>1</sup>. Við köllum því eftir metnaðarfullri útfærslu á áformum um kolefnishlutleysi 2040 sem endurspeglar þetta leiðtogahlutverk, og sýnir að íslensk stjórnvöld hafa sjálfstæða sýn og vilja hvað varðar lögfestingu markmiða um kolefnishlutleysi og samdrátt í losun.

#### Skilgreining kolefnishlutleysis

Í [fyrri umsögn](#) okkar kölluðum við eftir því að skýring á kolefnishlutleysi yrði samkvæmt lögmálum eðlisfræðinnar og loftshjúpsins í stað reglum loftslagsbókhalds sem miðast við leikreglur annarra ríkja. Í því samhengi er nauðsynlegt að horfa til þeirrar sérstöðu sem Ísland hefur varðandi losun frá landnotkun, en sú sérstaða ætti að endurspeglast í þeim markmiðum sem við setjum okkur. Í ljósi þess teljum við ákjósanlegast að losun vegna landnotkunar sé meðtalin á ársgrundvelli, í stað þess að undanskilja stóran hluta þeirrar losunar með því að notast við viðmiðunarár. Við fögnum því að fallið hafi verið frá því að notast við viðmiðunarár hvað varðar bindingu og losun frá landnotkun, og vonumst til að sjá endanlega útfærslu á þeim flokki sem endurspeglar ákall okkar um eðlisfræðilegt kolefnishlutleysi.

Vissulega vantar töluvert upp á gögn sem sýna fram á raunverulega losun frá landi, og nauðsynlegt er að efla þær rannsóknir. Hins vegar viljum við itreka að ekki eigi að biða eftir

---

<sup>1</sup> Norrænu forsætisráðherrarnir. (2019). *Yfirlýsing um norrænt kolefnishlutleysi*. [Hlekkur](#)

Þessum gögnum til að hefjast handa við að ná markmiðinu um kolefnishlutleysi. Það er ekki skilgreiningin sjálf sem á að ráða því hversu hratt og vel gengið verður til aðgerða. Meginmarkmiðið á ekki að vera að „hlutleysa“ þá losun sem á sér stað heldur að ná sem mestum samdrætti í losun frá ári til árs, og er ekkert því til fyrirstöðu að íslensk stjórnvöld setji sér metnaðarfull markmið í þeim efnum.

## Áfangamarkmið

Ungir umhverfissinnar undirstrika nauðsyn þess, sbr. [fyrri umsögn](#), að markmiðsákvæði um kolefnishlutleysi á Íslandi 2040 verði bætt við 1. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál. Einnig ítrekum við, sbr. fyrri umsögn, að nauðsynlegt er að lögfesta áfangamarkmið fyrir 2030, sem varðar leiðina að kolefnishlutlausu Íslandi árið 2040. Slíkt áfangamarkmið þyrfti að endurspegla þá skilgreiningu á losun sem stjórnvöld setja sér um kolefnishlutleysi, en ljóst er að nettólosun þarf að minnka um helming fyrir árið 2030 ef fylgja á linulegri þróun í átt að kolefnishlutleysi 2040. Með því að lögfesta áfangamarkmið er hægt að tryggja að loftslagsmarkmið Íslands raungerist, þrátt fyrir stjórnarskipti og aðrar pólitískar vendingar, og minnka líkur á því að meirihluta ábyrgðar á loftslagsaðgerðum (og verstu afleiðingar loftslagsbreytinga) falli á komandi kynslóðir.

## Kaup á losunarheimildum

Ungir umhverfissinnar ítreka ábendingu úr [fyrri umsögn](#) um að skýrara orðalags sé þörf í gr. 3.6. í greinargerð, en þar ætti að standa að „markmiði Íslands um kolefnishlutleysi verði ekki náð með kaupum á losunarheimildum.“

## Fjármögnun aðgerða

Ungir umhverfissinnar vilja nýta tækifærið og benda á að talsvert vantar upp á fjármögnun loftslagsaðgerða, þótt að framlög til málaflokksins hafi verið aukin. Við bendum á, sbr. fyrri umsagnir ([hér](#) og [hér](#)), að útgjöld til málaflokksins þurfa að vera a.m.k. 4% skv. [skýrslu](#) IPCC. Hér er því mikilvægt að taka skýrt fram hver framlög ríkisins til málaflokksins eru og fögnum við því að í greinargerð fylgi tafla þar sem umfang aðgerða í loftslagsmálum eru útlistuð (þó mætti bæta skýrleika töflunnar með því að taka fram að um er að ræða eininguna ma. kr.). Taflan sýnir því svart á hvítu að brýn þörf er á að auka fjármagn til loftslagsaðgerða. Hins vegar er í greinargerðinni einungis rætt um „aukin framlög“ til loftslagsmála umfram fyrri ákvarðanir, en upplagt væri að fjalla einnig um það hvernig umfang aðgerða mun þróast, þ.e.a.s. fara lækkandi frá og með árinu 2023.

## Að lokum

Líkt og fram hefur komið í fyrri umsögnum ([hér](#) og [hér](#)) styðja Ungir umhverfissinnar heilshugar lögfestingu markmiðs um kolefnishlutleysi 2040. Hins vegar er að mörgu að huga hvað varðar slíka markmiðasetningu, og teljum við þá mikilvægt að skilgreining kolefnishlutleysis taki mið af þeim aðstæðum sem Ísland býr við varðandi losun frá

landnotkun. Einnig er nauðsynlegt að setja metnaðarfullt áfangamarkmið fyrir 2030 sem varðar leiðina að kolefnishlutleysi 2040. Við hvetjum því stjórnvöld til að taka af skarið og koma fram með hert markmið og aðgerðir fyrir 2030 sem sýna hvaða sjálfstæða metnað íslensk stjórnvöld hafa til að gera sig gildandi í lofstlagsbaráttunni á innlendum sem á alþjóðlegum vettvangi.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna

Finnur Ricart Andrason

---

Finnur Ricart Andrason, Loftslagsfulltrúi